



Félag háskólakennara

Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2.maí 2019

Efni: Umsögn Félags háskólakennara, félag háskólamenntaðra starfsmanna Háskóla Íslands og tengdra stofnana, um frumvarp til laga um vandaða starfshætti í vísindum, 779. mál

Með bréfi dags 12. apríl 2019 var óskað eftir umsögn stjórnar Félags háskólakennara, félag háskólamenntaðra starfsmanna Háskóla Íslands og tengdra stofnana, um frumvarp til laga um vandaða starfshætti í vísindum mál nr. 779.

Umsögn stjórnar Félags háskólakennara:

„Stjórn Félags háskólakennara fagnar frumvarpi til laga um vandaða starfshætti í vísindum. Með tilkomu þessara laga mun vísindasamfélagið á Íslandi standa til jafns við samfélög vísindamanna á alþjóðavettvangi og auka þannig á trúverðugleika íslenskra vísinda innanlands sem utan. Stór hluti íslenskra vísindamanna starfar undir merkjum Háskóla Íslands og augljóst er að mikil ábyrgð er lögð á herðar stofnunarinnar við að hafa heildstætt yfirlit yfir mögulegt misferli og óheiðarleika í vísindum innan stofnunarinnar.“

Með góðri kveðju.

Fyrir hönd stjórnar Félags háskólakennara,

Michael Dal, formaður.